

**7. fundur Íþróttta-, menningar- og æskulýðsnefnd haldinn Strandgötu 38,
Þriðjudaginn 7. febrúar 2023
og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Krístrún Guðjónsdóttir (KG), Magnús Óskar Hálfhásson (MÓH) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Formaður bauð fundarfólk velkominn og athugaði hvort athugasemdir voru við fundarboðun, svo var ekki og formaður lýsti því fundinn lögmætan.

Dagskrá:

1. Sumaropnun Íþróttamiðstöðvar 2023 - 2302002

Lögð fram tillaga forstöðumanns að sumaropnun Íþróttamiðstöðvar Tálknafjarðar 2023.

Íþróttta-, menningar og æskulýðsnefnd samþykkir samhljóða framlagða tillögu um að sumaropnun Íþróttamiðstöðvar Tálknafjarðar verði kl. 09:00-21:00 mánudaga til föstudaga og kl. 10:00-19:00 laugardaga og sunnudaga. Nefndin samþykkir jafnframt að sumaropnun gildi frá og með 01.06.2023 til og með 15.08.2023.

2. Samstarfssamningur við UMFT - 2211551

Mál frá 6. fundi íþróttta-, menningar- og æskulýðsnefnd sem fór fram 09.01.2023.

Afgreiðslu frestað.

3. Menningarstefna Tálknafjarðarhrepps - 2208089

Mál frá 4. fundi íþróttta-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 04.10.2022.

Lögð fram tillaga að menningarstefnu Tálknafjarðarhrepps.

Íþróttta-, menningar- og æskulýðsnefnd samþykkir samhljóða að fela starfsmanni að ganga frá uppsetningu framlagðrar tillögu að menningarstefnu og leggja fram á næsta fundi nefndarinnar til staðfestingar.

4. Tómastundafulltrúi - 2212664

Lögð var fram auglýsing um laust starf tómastundafulltrúa Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps, en umsóknarfrestur er til 24.02.2023.

Mál frá 6. fundi Íþróttta-, menningar og æskulýðsnefndar sem fór fram 09.01.2023.

Lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:25.

7. fundur
15.02.2023

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Kristrún Guðjónsdóttir (KG)

Magnús Óskar Hálfhásson (MÓH)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)